

ÍÐNAÐARBANKINN OPNAR ÚTIBÚ Í HAFNARFIRÐI

Reykjavík, 12. nóv. GO.

ÍÐNAÐARBANKINN opnar útibú í Hafnarfirði á morgun. Útibúið er staðsett á Strandgötu 34, við hliðina á apótekinu.

Íðnaðarbankinn hefur nú starf að í rúm 11 ár og jafnan haft mikil viðskipti í Hafnarfirði, þess vegna var þessi útibússtofnun ráðin. Hið nýja útibú er hið eina sem Íðnaðarbankinn starfrækir í dag, en hann rak á tímabili annað á Keflavíkurflugvelli.

Við opnunarhóf í dag, hélt Sveinn Valfells formaður bankaráðs, stutta tölu, þar sem hann rakti sögu bankamála á Íslandi í stuttu máli og síðan sögu Íðnaðarbankans sem slíks. Hann tilkynnti við þetta tækifæri, að í til efni dagsins gæfi Íðnaðarbanki Íslands Íðnskóla Hafnarfjarðar 30.000 krónur til kaupa á nauðsynlegum kennslutækjum. Skólastjóri Íðnskólans tók við gjöfinni og þakkaði fyrir hana með ræðu.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sagðist hafa farið að grulla út í réttmæti þess að stofna slíkt útibú í Hafnarfirði, en þegar betur var að gáð í réttum heimildum kom ljós, að iðnaður þar í bæ greiddi því sem næst jafnháa upphæð í að stöðugjöld og fiskiðnaður yfirleitt.

Hafnarfirðingar önnuðust sjálfir innréttingu útibúsins. Halldór Hjálmarsson húsgagnaarkitekt teiknaði innréttingu, en Húsgagna verzlun Hafnarfjarðar sá um smíðina.

Útibússtjóri verður Sigmundur Helgason, en hann hefur til þessa verið deildarstjóri í Íðnaðarbankanum í Reykjavík.

Opnunartími útibúsins er frá kl. 10—12 og 1½ — 4½ daglega og auk þess föstudaga kl. 5 — 7 og laugardaga kl. 10 — 12 fyrir hádegi.

Rvík, 12. nóv. - ÓTJ.

ENGINN fjögurra farþega meiddist er stór sendiferðabífið valt við Silfurtún um hálf tölftíð í gærkvöldi.

Bífið hafði verið á nokkurri ferð þegar sprakk á öðru framhjóli. Við það missti ökumaður stjórn á henni svo að hún valt út í skurð. Skemmdir urðu ekki miklar.

SJÓVÁ GAF 50 ÞÚS. KRÓNUR

SJÓVÁTRYGGINGARFÉLAG Íslands gaf í gær Handritastofnun Íslands kr. 50.000, fimmtíu þús. krónur, og skal verja þeim til handritaútgáfu eða annars kostnaðar vegna væntanlegrar heimkomu íslensku handritanna. Afhending fór fram á skrifstofu rektors Háskóla Íslands.

SÝNING ÁSGERÐAR

Reykjavík, 10. nóv. - ÁG SÝNING Ásgerðar Búadóttur í Bogasalnum á myndvefnadi, hefur nú staðið síðan á miðvikudag í fyrri viku. Hefur sýningin verið mjög vel sétt og nokkrir myndvefnadir selst. Sýningunni lýkur næst komandi sunnudag.

Stofnunin flytur gefanda einlægar þakkir fyrir þessa ágætu gjöf, sem hún metur mjög mikils.

Hinn 16. sept 1963 kom þáverandi varaforseti Bandaríkjanna herra Lyndon B. Johnson í opinbera heimsókn í Háskóla Íslands. Varaforsetinn skýrði þá frá því að hann myndi gefa Raunvísindastofnun Háskólans nokkuð rit í raunvísindum, sem gætu orðið fyrsti vitir að bókasafni stofnunarinnar, en um val bóka færir eftir ósk forráðamanna hennar.

Bókagjöf forsetans hefir nú verið afhent að mestu, og er þar um að ræða milli 50-60 rit í eðlisfræði, efnafræði, jarðeðlisfræði, og stærðfræði, öll gefin út í Bandaríkjunum. Eru þetta höfuðrit hvert á sinu sviði, og er þessi bókagjöf mikilvæg fyrir Raunvísindastofnunina. Metur Háskóli Íslands mikils þessa ágætu bókagjöf.

Háskólanum hafa nýlega borizt ágætir gjafir bóka og kennslutækja frá British Council. Meðal þessara rita eru nær 200 bindi Framhald á síðu 10.

Námsstyrkir í Bandaríkjunum

EINS og undanfarin sjö ár mun bandaríska menntastofnunin, American Field Service, veita íslenskum gagnfræða- og menntaskólanemendum styrki til ársdvalar og náms í Bandaríkjunum.

American Field Service hóf starfsemi sína fyrir fimmtíu árum og annaðist sjúkraflutninga hermanna á vígstöðvunum í fyrri heimsstyrjöldinni. AFS annaðist einnig samskonar störf í síðari heimsstyrjöldinni. Auk þessa hafa samtökin látið alþjóðamál til sín taka og unnið að bættri sambúð þjóða á milli. Í þessum tilgangi hefur AFS frá því á árinu 1947 veitt gagnfræða- og menntaskólanemum víðsvegar úr heiminum styrki til þess að stunda nám í Bandaríkjunum, og um þessar mundir eru liðlega 3000 slíkir nemendur frá um 60 þjóðlöndum við nám þar vestra. Íslenska ameríska félagið og American Field Service

vice á Íslandi gefur íslensku skólafólki tækifæri til þess að sækja um námsstyrki þessa, eins og á undanförunum árum.

Umsækjendur skulu vera piltar og stúlkur á aldrinum 16-19 ára, er hafa staðið sig vel í skóla, vera vel hraustir og tala eitthvað í ensku.

Styrkurinn nemur: Húsnæði, fæði, skólagjöldum, sjúkrakostnaði og nokkrum ferðalögum innan Bandaríkjanna.

Ætlað er til þess að nemendur greiði sjálfir nauðsynlegan ferðakostnað frá Íslandi og vestur um haf, og síðan heim aftur. Einnig þurfa þeir að sjá sér sjálfir fyrir vasapeningum.

Námstíminn stendur yfir í eitt ár, eða frá byrjun ágústmánaðar til loka júlímánaðar næsta ár.

Nemandinn mun búa hjá bandarískri fjölskyldu og eru heimil Framh. á bls. 10

FUNDUR SKÓGRÆKTAR- FÉLAGSINS Á HVOLSVELLI

LAUGARDAGINN 31. október hélt stjórn Skógræktarfélags Íslands fund á Hvolsvelli á Rangárvöllum, með stjórn skógræktarfélaganna á Suðurlandi, en þar eru nú fjögur skógræktarfélög. Skógræktarfélag Árnesinga, Skógræktarfélag Rangæinga, Skógræktarfélag Mýrdælinga og Skógræktarfélagið Mörk. Fundinn sátu nær allir stjórnarnefndarmenn fyrrnefndra félaga, alls 30 mans.

Hákon Guðmundsson formaður Skógræktarfélags Íslands setti fundinn og stjórnaði honum.

Á fundinum voru ýmis mál rædd einkum þau er vörðuðu stefnur í skógrækt á Suðurlandi og reifðaði Hákon Bjarnason þau mál í framsögu-erindi í byrjun fundar Einar Gr. Sæmundsen skógarvörður ræddi um ræktun skjólbelta og skýrði frá tilraunum og Snorri Sigurðsson skógfræðingur hafði framsögu um félagsmál.

Á fundinum urðu miklar umræður, sem stóðu lengi frameftir

degi og á honum kom í ljós mikill áhugi fundarmanna á áframhaldandi og auknu starfi í þágu skógræktar.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur ákveðið að halda fleiri slíka fundi með félögum í öðrum landsfjórðingum.

Hækkuð framlög til búfjárræktar

Reykjavík, 12. nóv. EG.

FRUMVARP til nýrra búfjárræktarlaga kom til fyrstu umræðu í efri deild í dag.

Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra (S) mælti fyrir frumvarpinu og gerði grein fyrir efni þess.

Ingólfur sagði, að frumvarpið væri samið af nefnd, sem Búnaðarfélag Íslands hefði skipað í sam-

vinnu við landbúnaðarmálaráðu neytið. Hér væri um alveg nýtt frumvarp að ræða, mjög bætt frá því sem áður hefði verið. Frumvarpið væri flutt að mestu óbreytt eins og það hefði komið frá nefndinni. Gat hann síðan helztu breytinga, en meðal þeirra er sú, að laun ráðunauta verða nú greidd 65% af ríkinu en var áður ekki nema 50%. Þetta frumvarp væri miklu ítarlegra en gildandi lög

um þessi efni, og sagði ráðherrann að framlög ríkisins til búfjárræktar á yfirstandandi ári væru rúmlega þrjár milljónir, en hækkuð framlög skv. þessu frumvarpi yrði tæplega 1.5 milljónir, eða 47%.

Ásgeir Bjarnason (F) kvað lög gjöfina um búfjárrækt vera næst þýðingarmestu löggjöfina fyrir landbúnaðinn í heild, en þýðing

armest væru jarðræktarlögin. Bæri að fagna því, að sá háttur hefði nú verið tekinn upp, að fylgja ráðleggingum Búnaðarfélagins í þessum efnum. Hann benti á nokkur atriði, sem hann taldi að betur mættu fara, en sagði jafnframt að Framsóknarmenn mundu fylgja þessu frumvarpi, þótt svo búast mætti við breytingartillögum um nokkur atriði.